

son og Jón Ólafsson á Hleðdargarði, Ólafur Ólafsson í Melgerði og Álfheiður Thorlacius á Akureyri, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, hinum stefndu, Jóni Jóhannessyni í Vindheimum og Stefáni Thorarensen í Lönguhlíð með 40 — fjörutíu — krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 36/1895:

Gestgjafi J. G. Halberg  
 gegn

kaupmanni M. Johannessen.

#### Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af kaupmanni M. Johannessen gegn gestgjafa J. G. Halberg út af verzlunarskuld, er hann telur til hjá J. G. Halberg, að upphæð 211 kr. 41 e. Var málið dæmt hinn 11. júlí síðastliðinn með þeim úrslitum, að J. G. Halberg skyldi greiða M. Johannessen 211 kr. 41 e. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur J. G. Halberg áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 19. ágúst 1895, og krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi, og hann dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Jóhannessens í þessu máli, og Jóhannessen dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hins vegar

hefur stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í 100 króna málskostnað.

Hin umstefnda skuldakrafa er byggð á verzlunarbókum hins svo nefnda »norska Samlags«, sem hjer rak verzlun árin 1870 og þar á eptir, og er fyrrum gestgjafi N. Jörgensen, sem dó erlendis árið 1875, samkvæmt bókunum talinn að skulda tjeðri verzlun við árslok 1872 211 kr. 41 e., en skuldin á að hafa gjörzt frá því í okt. 1871, því að þá er Jörgensen talinn að eiga til góða við verzlunina 106 kr. 8 a., og þangað til í júlí 1872, þá er skuldin er orðin 219 kr. 41 e. Síðar (1. jan. 1873) er svo í bókunum dregin frá »uppbót« 8 kr., og kemur þá út áðurgreind skuldarupphæð. Skuldir þær, sem nefnt tjelag »norska Samlagið«, átti hjer samkvæmt verzlunarbókum þess, hefur stefndi M. Johannessen síðar eignazt, og hefur sótt seinni mann ekkju Jörgensens, J. G. Halberg gestgjafa, um skuld þá, sem hann telur til. Það má telja það sannað, að Halberg er rjettur varnaraðili þessa máls, þar sem hann hefur, er hann giptist ekkju Jörgensens, tekið að sjer að greiða skuldir búsin. Það er viðurkennt, að ekkja Jörgensens hafi verið krafín um skuldina, þegar eptir eða skömmu eptir að Jörgensen ljezt, og að hún þá hafi neitað að greiða hana, með því að hún eigi kannaðist við, að Jörgensen hefði skuldað Samlaginu neitt, þá er hann fjell frá. Áfrýjanda er sjálfum persónulega ókunnugt um skuldaskipti Jörgensens og Samlagsins, en styður neitun sína

um að greiða hina umstefndu skuld við neitun konu sinnar, og heldur því fram með skýrskotun til tjeðrar neitunar, að annaðhvort hafi skuldin aldrei verið til eða að Jörgensen hafi verið búinn að greiða hana áður en hann dó. Á hinn bóginn er það viðurkennt, að áfrýjandi hafi ekki greitt skuldina nje heldur kona hans, eptir að Jörgensen fjell frá. Þar sem áfrýjandi heldur því fram, að skuldin hafi aldrei verið til, styðst hann við þá skýrslu konu sinnar, að hún viti eigi til þess, að Jörgensen hafi tekið hjá Samlaginu neitt af vörum þeim, er á reikningnum væru taldar eða haft öðruvísi verzlun við Samlagið en contant, þannig, að hönd seldi hendi. Þessi neitun er ekki fortakslaus, því að það er vel hugsanlegt, að Jörgensen hafi haft fastan reikning við Samlagið án vitundar konu sinnar, og síðar í málinu er því eigi neitað sjerstaklega, að kona áfrýjanda hafi sjálf tekið út í búð Samlagsins einn hlutinn á reikningnum. Á hinn bóginn er það mjög ósennilegt, að reikningar þeir yfir viðskipti þessi, sem fram hafa verið lagðir og ná frá 9. júlí 1870 til 1. jan. 1873, sjeu tilbúningur frá upphafi til enda, en þeir eru ritaðir eptir 2 verzlunarbókum, og er hin yngri þeirra löggilt; eptir reikningunum á Jörgensen á þessu tímabili að hafa greitt upp í viðskipti sín við Samlagið talsverða upphæð, um 800 kr. Það hefur verið gjörð grein fyrir því af hálfu stefnda, til hvers varið hafi verið sumu af úttektinni, og hefur það eigi verið vefengt. Tveir verzlunarstjórar, er veittu Samlagsverzluninni forstöðu,

hvor á eptir öðrum, árin 1870, 1871 og 1872 hafa vottað, að þannig hafi viðskiptareikningar Jörgensens þá verið við nefnda verzlun, og hefur þessum vottorðum þeirra eigi verið mótmælt. Með tilliti til þessa verður að álita það sannað, þrátt fyrir neitun áfrýjanda, að Jörgensen hafi haft reikningsleg viðskipti við Samlagið, og með því að einstök atriði í hinum ýtarlega og sundurliðaða reikningi, sem fram hefur verið lagður, eigi hafa verið vefngd sjerstaklega, verður að leggja hann til grundvallar með tilliti til viðskiptanna, en eptir honum hefur Jörgensen skuldað Samlaginu 211 kr. 41 e., þegar viðskiptin hættu í júlímánuði 1872.

En þar næst hefur áfrýjandi haldið því fram, að Jörgensen hljóti að hafa borgað skuldina nefnt ár, því að þá hafi hann farið alfarinn hjeðan til Kaupmannahafnar og greitt áður allar skuldir sínar, en hvorugt þetta er sannað, hvorki að hann hafi borgað þessa skuld, nje heldur að hann hafi farið alfarinn til útlanda árið 1872. Hvorki áfrýjandi nje kona hans geta sagt um það af persónulegri þekkingu, að hann hafi þá borgað skuldina, en þau ímynda sjer, að hann hafi þá greitt hana ásamt öðrum skuldum. Þessu hefur stefndi neitað, og til stuðnings neitun sinni hefur hann fram lagt vottorð frá verzlunarmanni, sem var í þjónustu norska Samlagsins árið 1875, um, að hann þá hafi krafist Jörgensen um skuld til Samlagsins, en hann hafi eigi borgað hana í það sinn, og rjett á eptir hafi Jörgensen farið utan ferð þá, er hann dó í. Vottorðinu hefur áfrýjandi ekki mótmælt,

en hefur haldið því fram, að hjer væri um aðra skuld að ræða en hina umstefndu, en eptir skýrslum málsins verður eigi álitid, að Jörgensen hafi átt önnur skuldaskipti við Samlagid en þau, sem mál þetta er risið af. Að Jörgensen hafi ekki verið búinn að borga skuldina áður en hann fór af landi burt 1872, liggur og ótvírætt í áður um töluðu vottorði verzlunarstjóra Samlagsins, sem þá var, E. Egilssonar, þar sem hann vottar, að reikningur Jörgensens hafi þá verið gjörður þannig upp, eins og hann nú er fram lagður, og bætir því við, að hann (Egilson) sjálfur hafi »krediterað« Jörgensen fyrir þeim 4 rdl., sem síðast eru færðir honum til góða í reikningnum, nefnilega 1. jan. 1873. Þessu vottorði hefur eigi verið mótmælt, eins og áður er sagt. Þar sem Jörgensen var hjer frá því um vorið eða snemma sumars 1874, þangað til sumarið 1875, verður eigi staðhæft, að hann hafi farið hjerðan alfarinn þegar árið 1872.

Samkvæmt því sem þannig er fram komið, verður að lita svo á, að Jörgensen hafi eigi verið búinn að greiða hina umstefndu skuld, þegar hann andaðist, enda hefur ekkja hans, kona áfrýjanda, kannast við það, að hún hafi verið krafinn um hana skömmu eptir lát manns síns 1875 (eða 1876), en síðast var maður hennar (áfrýjandi) krafinn um hana skriflega í maí 1892, og verður því að dæma áfrýjanda til að greiða skuldina með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Með því að einnig verður að fallast á málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins, ber að staðfesta

hann eins og hann er. Með tilliti til málavaxta yfir höfuð þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

---